

	Millj. kr.
Reykjanesbraut .....	27.2
Vegaframkvæmdir skv. Vestfjarðaáætlun .....	11.8
Hafnarfjarðarvegur í Kópavogi .....	12.0
Landshafnir .....	8.6
Rafmagnsveitur ríkisins .....	35.0
Rafvæðing í sveitum .....	15.0
Jarðvarmaveitur ríkisins .....	18.2
Orkurannsóknir .....	19.0
Laxárvirkjun .....	55.0
Landsvirkjun, stofnframlag .....	41.0
Áburðarverksmiðja ríkisins .....	55.0
Jarðefnaleit .....	2.0
Sjóefnarannsóknir .....	2.0
Framkvæmdir á Keldnaholti .....	15.0
Bygging lögreglustöðvar í Reykjavík .....	10.0
Byggingaframkvæmdir á vegum Háskóla Íslands ..	30.0
<b>Samtals</b>	<b>356.8</b>

## 9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 8. maí 1970.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Magnús Jónsson.*

**L Ö G**

um skipun prestakalla og prófastsdæma og um kristnisjóð.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## I. KAFLI

Um skipun prestakalla og prófastsdæma.

## 1. gr.

Prestaköllum og prófastsdæmum skal skipað þannig:

## I. Múlaprófastsdæmi:

1. Skeggjastaðir: Skeggjastaðasókn.  
Prestssetur: Skeggjastaðir.
2. Hof í Vopnafirði: Hof- og Vopnafjarðarsóknir.  
Prestssetur: Hof.

3. Valbjófsstaður: Valbjófsstaðar-, Áss-, Hofteigs-, Eiríksstaða- og Möðru-  
dalssóknir.  
Prestssetur: Valbjófsstaður.
4. Eiðar: Eiða-, Hjaltastaðar-, Kirkjubæjar- og Sleðbrjótssóknir.  
Prestssetur: Eiðar.
5. Vallanes: Vallaness-, Þingmúla- og Egilsstaðasóknir.  
Prestssetur: Vallanes.
6. Desjarmýri: Borgarfjarðar-, Njarðvíkur- og Húsavíkursóknir.  
Prestssetur: Desjarmýri.
7. Seyðisfjörður: Seyðisfjarðar- og Klyppsstaðasóknir.  
Prestssetur: Seyðisfjörður.

## II. Austfjarðaprófastsdæmi:

8. Norðfjörður: Norðfjarðar- og Brekkusóknir.  
Prestssetur: Neskaupstaður.
9. Eskifjörður: Eskifjarðar- og Reyðarfjarðarsóknir.  
Prestssetur: Eskifjörður.
10. Kolfreyjustaður: Kolfreyjustaðar- og Fáskrúðsfjarðarsóknir.  
Prestssetur: Kolfreyjustaður.
11. Heydalir: Heydala- og Stöðvarfjarðarsóknir.  
Prestssetur: Heydalir.
12. Djúpvogur: Djúpavogs-, Beruness-, Berufjarðar- og Hofssóknir.  
Prestssetur: Djúpvogur.

## III. Skaftafellsprófastsdæmi:

13. Bjarnanes: Bjarnaness-, Stafafells- og Hafnarsóknir.  
Prestssetur: Bjarnanes.
14. Kálfafellsstaður: Kálfafellsstaðar-, Brunnhóls- og Hofssóknir.  
Prestssetur: Kálfafellsstaður.
15. Klaustur: Prestsbakka- og Kálfafellssóknir.  
Prestssetur: Kirkjubæjarklaustur.
16. Ásar: Grafar-, Þykkvabæjar- og Langholtssóknir.  
Prestssetur: Ásar.
17. Vík: Víkur-, Reynis- og Skeiðflatarsóknir.  
Prestssetur: Vík.

## IV. Rangárvallaprófastsdæmi:

18. Holt: Eyvindarhóla-, Ásólfskála- og Stóradalssóknir.  
Prestssetur: Holt.
19. Bergþórshvoll: Akureyjar- og Krosssóknir.  
Prestssetur: Bergþórshvoll.
20. Breiðabólsstaður: Breiðabólsstaðar- og Hlíðarendasóknir.  
Prestssetur: Breiðabólsstaður.
21. Oddi: Odda-, Stórolfshvols- og Keldnasóknir.  
Prestssetur: Oddi.
22. Kirkjuhvoll: Kálfhólts-, Háabæjar- og Árbæjarsóknir.  
Prestssetur: Kirkjuhvoll.
23. Fellsmúli: Skarðs-, Haga- og Marteinstungusóknir.  
Prestssetur: Fellsmúli.

V. *Árnessprófastsdæmi:*

24. Hruni: Hruna- og Tungufellssóknir.  
Prestssetur: Hruni.
25. Stóri-Núpur: Stóranúps-, Hrepphóla- og Ólafsvallasóknir.  
Prestssetur: Skarð.
26. Skálholt: Skálholts-, Bræðratungu-, Haukadals- og Torfastaðasóknir.  
Prestssetur: Skálholt.
27. Mosfell í Grímsnesi: Mosfells-, Stóruborgar-, Búrfells-, Miðdals- og Úlf-  
ljótsvatnssóknir.  
Prestssetur: Mosfell.
28. Selfoss: Selfoss-, Hraungerðis-, Laugardæla- og Villingaholtssóknir.  
Prestssetur: Selfoss.
29. Eyrarbakki: Eyrarbakka-, Stokkseyrar- og Gaulverjabæjarsóknir.  
Prestssetur: Eyrarbakki.
30. Hveragerði: Hveragerðis-, Kotstrandar-, Hjalla- og Strandarsóknir.  
Prestssetur: Hveragerði.
31. Þingvellir: Þingvallasókn.  
Prestssetur: Þingvellir.

VI. *Kjalarnessprófastsdæmi:*

32. Grindavík: Grindavíkur- og Kirkjuvogssóknir.  
Prestssetur: Grindavík.
33. Útskálar: Útskála- og Hvalsnessóknir.  
Prestssetur: Útskálar.
34. Keflavík: Keflavíkur-, Ytri-Njarðvíkur- og Innri-Njarðvíkursóknir.  
Prestssetur: Keflavík.
35. Hafnarfjörður: Hafnarfjarðarsókn.  
Prestssetur: Hafnarfjörður.
36. Garðar: Garða-, Bessastaða- og Kálfatjarnarsóknir.  
Prestssetur: Garðahreppur.
37. Mosfell í Mosfellssveit: Lágafells- og Viðeyjarsóknir.  
Prestssetur: Mosfell.
38. Reynivellir: Reynivalla-, Saurbæjar- og Brautarholtssóknir.  
Prestssetur: Reynivellir.
- 39.—40. Vestmannaeyjar: Ofanleitissókn.  
Prestssetur: Vestmannaeyjar.

VII. *Borgarfjarðarprófastsdæmi:*

41. Saurbær á Hvalfjarðarströnd: Saurbæjar-, Leirár- og Innrahólmssóknir.  
Prestssetur: Saurbær.
42. Garðar á Akranesi: Akranessókn.  
Prestssetur: Akranes.
43. Hvanneyri: Hvanneyrar-, Bæjar-, Lundar- og Fitjasóknir.  
Prestssetur: Staðarhóll.
44. Reykholt: Reykhólts-, Stóraáss-, Gilsbakka- og Síðumúlasóknir.  
Prestssetur: Reykholt.
45. Stafholt: Stafholts-, Hjarðarholts-, Hvamms- og Norðtungusóknir.  
Prestssetur: Stafholt.
46. Borg: Borgar-, Borgarness-, Álftaness-, Álftártungu- og Akrasóknir.  
Prestssetur: Borg.

VIII. *Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi:*

47. Söðulsholt: Rauðamels-, Kolbeinsstaða-, Staðarhrauns- og Fáskrúðarbakkasóknir.  
Prestssetur: Söðulsholt.
48. Staðastaður: Staðastaðar-, Búða- og Hellnasóknir.  
Prestssetur: Staðastaður.
49. Ólafsvík: Ólafsvíkur-, Ingjaldshóls- og Brimilsvallasóknir.  
Prestssetur: Ólafsvík.
50. Setberg: Setbergssókn.  
Prestssetur: Grundarfjörður.
51. Stykkishólmur: Stykkishólms-, Helgafells-, Bjarnarhafnar-, Narfeyrar- og Breiðabólsstaðarsóknir.  
Prestssetur: Stykkishólmur.
52. Hjarðarholt: Kvinnabrekku-, Stóra-Vatnshorns-, Snóksdals- og Hjarðarholtssóknir.  
Prestssetur: Búðardalur.
53. Hvammur: Hvamms-, Staðarhóls-, Skarðs-, Dagverðarness- og Staðarfellsóknir.  
Prestssetur: Hvammur.

IX. *Barðastrandarprófastsdæmi:*

54. Reykhólar: Reykhóla-, Garpsdals-, Gufudals-, Flateyjar- og Múlasóknir.  
Prestssetur: Reykhólar.
55. Sauðlauksdalur: Sauðlauksdals-, Saurbæjar-, Brjánslækjar-, Haga- og Breiðuvíkursóknir.  
Prestssetur: Sauðlauksdalur.
56. Patreksfjörður: Patreksfjarðar- og Stóra-Laugardalssóknir.  
Prestssetur: Patreksfjörður.
57. Bíldudalur: Bíldudals-, Selárdals-, Hrafseyrar- og Álftamýrarsóknir.  
Prestssetur: Bíldudalur.

X. *Ísafjarðarprófastsdæmi:*

58. Þingeyri: Þingeyrar-, Hrauns-, Mýra-, Núps- og Sæbólssóknir.  
Prestssetur: Þingeyri.
59. Holt í Önundarfirði: Holts-, Flateyrar- og Kirkjubólssóknir.  
Prestssetur: Holt.
60. Staður: Staðarsókn.  
Prestssetur: Staður í Súgandafirði.
61. Bolungarvík: Hólssóknir og Staðarsókn í Grunnavík.  
Prestssetur: Bolungarvík.
62. Ísafjörður: Ísafjarðar- og Hnífsdalssóknir og Eyrarsókn í Seyðisfirði.  
Prestssetur: Ísafjörður.
63. Vatnsfjörður: Vatnsfjarðar-, Nauteyrar-, Unaðsdals- og Ögursóknir.  
Prestssetur: Vatnsfjörður.

XI. *Húnavatnsprófastsdæmi:*

64. Árnes: Árnesssókn.  
Prestssetur: Árnes.
65. Hólmavík: Kaldrananess-, Drangsness-, Staðar-, Hólmavíkur- og Kollafjarðarnesssóknir.  
Prestssetur: Hólmavík.

66. Prestsbakki í Hrutafirði: Prestsbakka-, Staðar- og Óspakseyrarsóknir.  
Prestssetur: Prestsbakki.
67. Melstaður: Melstaðar-, Hvammstanga-, Staðarbakka- og Efranúpssóknir.  
Prestssetur: Melstaður.
68. Breiðabólstaður: Tjarnar-, Vesturhópshóla-, Breiðabólstaðar- og Víðidalstungusóknir.  
Prestssetur: Breiðabólstaður í Vesturhópi.
69. Þingeyrarklaustur: Þingeyrar-, Undirfells- og Blönduóssóknir.  
Prestssetur: Blönduós.
70. Bólstaðarhlíð: Bólstaðarhlíðar-, Bergsstaða-, Auðkúlu-, Svínavatns- og Holtastaðasóknir.  
Prestssetur: Bólstaður.
71. Höfðakaupstaður: Höskuldsstaða-, Höfða- og Hofssóknir.  
Prestssetur: Höfðakaupstaður.

XII. *Skagafjarðarprófastsdæmi:*

72. Sauðárkrókur: Sauðárkróks-, Hvamms- og Ketusóknir.  
Prestssetur: Sauðárkrókur.
73. Glaumbær: Glaumbæjar-, Viðimýrar- og Reynistaðarsóknir.  
Prestssetur: Glaumbær.
74. Mælifell: Mælifells-, Reykja-, Goðdala- og Ábæjarsóknir.  
Prestssetur: Mælifell.
75. Miklibær: Miklabæjar-, Silfrastaða-, Flugumýrar- og Hofstaðasóknir.  
Prestssetur: Miklibær.
76. Hólar: Hóla-, Viðvíkur- og Rípursóknir.  
Prestssetur: Hólar.
77. Hofsó: Hofsóss-, Hofs-, Fells-, Barðs- og Knappsstaðasóknir.  
Prestssetur: Hofsó.

XIII. *Eyjafjarðarprófastsdæmi:*

78. Siglufjörður: Siglufjarðarsókn.  
Prestssetur: Siglufjörður.
79. Ólafsfjörður: Ólafsfjarðarsókn.  
Prestssetur: Ólafsfjörður.
80. Dalvík: Valla-, Tjarnar-, Urða- og Upsasóknir.  
Prestssetur: Dalvík.
81. Hrísey: Hríseyjar- og Stærta-Árskógssóknir.  
Prestssetur: Hrísey.
82. Möðruvellir í Hörgárdal: Möðruvalla-, Glæsibæjar-, Bakka- og Bægisár-sóknir.  
Prestssetur: Möðruvellir.
- 83.—84. Akureyri: Akureyrar-, Lögmannshlíðar- og Miðgarðasóknir.  
Prestssetur: Akureyri. Annar hvor prestur Akureyrar skal jafnan hafa með höndum þjónustu Miðgarðasóknar í Grimsey.
85. Laugaland: Munkaþverár-, Kaupangs-, Grundar-, Möðruvalla-, Saurbæjar- og Hólasóknir.  
Prestssetur: Laugaland.

XIV. *Þingeyjarprófastsdæmi:*

86. Laufás: Laufáss-, Svalbarðs- og Grenivíkursóknir.  
Prestssetur: Laufás.

87. Háls: Háls-, Illugastaða- og Draflastaðasóknir.  
Prestssetur: Háls.
88. Staðarfell: Ljósavatns-, Þóróddsstaða- og Lundarbrekkusóknir.  
Prestssetur: Staðarfell.
89. Skútustaðir: Skútustaða-, Reykjahlíðar- og Víðirhólssóknir.  
Prestssetur: Skútustaðir.
90. Grenjaðarstaður: Grenjaðarstaðar-, Dverár-, Einarstaða- og Nessóknir.  
Prestssetur: Grenjaðarstaður.
91. Húsavík: Húsavíkur- og Flateyjarsóknir.  
Prestssetur: Húsavík.
92. Skinnastaður: Skinnastaðar-, Garðs- og Snartarstaðasóknir.  
Prestssetur: Skinnastaður.
93. Raufarhöfn: Raufarhafnarsókn.  
Prestssetur: Raufarhöfn.
94. Sauðanes: Sauðaness- og Svalbarðssóknir.  
Prestssetur: Sauðanes.

#### XV. *Reykjavíkurprófastsdæmi:*

Í Reykjavíkurprófastsdæmi, sem nær yfir Reykjavíkur- og Kópavogsprestaköll, skulu jafnan vera svo margir prestar, að sem næst 5000 manns komi á hvern að meðaltali. Ráðherra ákveður takmörk sókna og prestakalla að fengnum tillögum biskups og safnaðarráðs Reykjavíkur (sbr. 2. gr.) og velur þeim heiti.

#### 2. gr.

Í Reykjavíkurprófastsdæmi skal vera safnaðarráð. Skal það skipað formönnum safnaðarnefnda og safnaðarfulltrúum í prófastsdæminu og prestum þess. Prófastur er formaður ráðsins og kallar það saman. Skylt skal að kalla safnaðarráð saman til fundar, þegar fullur þriðjungur safnaðarráðsmanna óskar þess. Verkefni ráðsins eru:

1. Að gera tillögur um skiptingu prófastsdæmisins í sóknir og prestaköll og um breytingar á þeim svo oft sem þörf er, og skal sú skipting að jafnaði miðuð við það, að einn prestur sé í hverju prestakalli.
2. Að sjá um kosningu safnaðarnefnda í prestaköllum eftir skiptingu. Ein safnaðarnefnd sé fyrir hvert prestakall, og hefur hún á hendi störf sóknarnefnda, eftir því sem við á, og er kosin með sama hætti. Þar, sem fleiri en einn söfnuður eiga sömu kirkju, skulu nefndirnar hafa sameiginlega stjórn á afnotum og fjármálum kirkjunnar.
3. Að vinna að eflingu kirkjulegs starfs og kristilegrar félagsstarfsemi innan prófastsdæmisins.

#### 3. gr.

Í kaupstöðum utan Reykjavíkurprófastsdæmis skulu prestar vera svo margir, að sem næst 4000 manns komi á hvern. Heimilt er að skipta prestaköllum, þar sem eru tveir eða fleiri prestar, á hliðstæðan hátt og ákveðið er í 1. tölulíð 2. gr.

#### 4. gr.

Nú er skipt prestakalli, þar sem er einn prestur, í tvö eða fleiri prestaköll, og hefur þá presturinn rétt til að velja, hvaða hluta þess hann hyggst að þjóna.

## 5. gr.

Sveitarfélögum kaupstaða og kauptúna er skylt að leggja til ókeypis lóðir undir kirkjur og undanskilja þær gagnagerðargjaldi. Nú er presti skylt að hafa aðsetur í kaupstað eða kauptúni, og er þá sveitarfélagið skylt að leggja til ókeypis lóð undir íbúðarhús hans, ef um embættishústað í eigu ríkissjóðs er að ræða.

## 6. gr.

Ráðherra skipar prest, er sitji á Þingvöllum og gegni Þingvallasókn, skv. 1. gr., að fengnum tillögum biskups og Þingvallanefndar, enda gegni hann þá jafnframt starfi þjóðgarðsvarðar.

Biskupi er heimilt að ráða prestsvígðan mann til þess að gegna prestsþjónustu um stundarsakir í þeim prestaköllum, þar sem prestur er veikur eða prestakallið prestslaust af öðrum ástæðum. Ef þörf krefur, er biskupi heimilt með samþykki ráðherra að ráða fleiri prestsvígða menn til starfa skv. þessari grein.

## 7. gr.

Biskupi er heimilt að ráða prestsvígðan mann sem æskulýðsfulltrúa þjóðkirkjunnar til þess að aðstoða og leiðbeina við æskulýðsstörf í söfnuðum landsins. Ráðningartími skal vera allt að þremur árum í senn.

Þá er biskupi og heimilt með samþykki ráðherra að ráða tvo aðstoðaræskulýðsfulltrúa til starfa með æskulýðsfulltrúa þjóðkirkjunnar.

## 8. gr.

Biskupi er heimilt með samþykki ráðherra að ráða prestsvígða menn til sérstakrar sjúkrahúsa- og fangahúsaþjónustu. Biskup setur þeim erindisbréf.

## 9. gr.

Heimilt er biskupi með samþykki ráðherra að ráða prestsvígðan mann til kirkjulegra starfa meðal Íslendinga í Kaupmannahöfn og annars staðar á Norðurlöndum eftir því sem við verður komið. Ráðherra setur honum erindisbréf, og skal ráðningartími vera allt að þremur árum í senn.

## 10. gr.

Laun og annar kostnaður við embætti þau, er upp eru talin í 6.—9. gr., greiðist úr ríkissjóði skv. úrskurði ráðherra, og skulu prestar þeir, sem þeim gegna, taldir þjónandi prestar þjóðkirkjunnar.

## 11. gr.

Nú vilja menn breyta skipun sókna eða takmörkum prestakalla, flytja sókn eða hluta úr sókn úr einu prestakalli í annað, leggja niður kirkju eða færa úr stað eða taka upp nýja kirkju, þar sem ákvæði 2. og 3. gr. eiga ekki við, og skal það mál koma fyrir safnaðarfund, eða safnaðarfund, ef fleiri en einn söfnuður eiga í hlut. Ef breytingin viðkemur aðeins einum söfnuði, ræður meiri hluti atkvæða á lögmatum safnaðarfund. Séu söfnuðir tveir, ræður meiri hluti atkvæða á háðum fundum. Séu söfnuðir fleiri en tveir, ræður meiri hluti safnaðarfunda. Samþykki síðan héraðsfundur (eða héraðsfundur, ef breytingin nær til fleiri en eins prófastsdæmis) tillögurnar, taka þær gildi, þegar ráðherra staðfestir þær, að fengnum tillögum biskups.

## 12. gr.

Nú er við breytingar þær, sem um ræði í 11. gr., aðeins um tilfærslu gjaldenda milli sókna að ræða, og kirkjur eru í háðum sóknnum, og skal þá sóknarkirkja sú, er nýja gjaldendur fær við sóknarbreytinguna, gjalda kirkju þeirrar sóknar, er

gjaldendur missir, sem svarar þriggja ára lögboðnu sóknargjaldi fyrir hvern gjaldanda. Upphæðin greiðist með jöfnum afborgunum á næstu 5 árum, en án vaxta.

Nú er sókn skipt og tekin upp ný sókn og kirkjubygging hafin, og skal þá ráðherra, ef honum berst krafa um það, skipa þrjá menn í samráði við biskup til þess að meta skuldlausar eignir sóknarkirkjunnar. Er kirkjunni síðan skylt að greiða vaxtalaust og með jöfnum afborgunum á næstu 5 árum þann hluta eignanna, er hinni nýju sókn ber að tiltölu rétttri við lölu gjaldenda í báðum sóknum, þegar skiptin fara fram, að frádregnu þriggja ára sóknargjaldi þeirra gjaldenda, er kirkjan missir við skiptinguna.

Þegar ný sókn er löglega upp tekin, er presti þess prestakalls, þar sem guðsþjónustuhús sóknarinnar er, skylt að annast þar guðsþjónustur án sérstaks endurgjalds.

### 13. gr.

Þegar sóknarkirkja er lögð niður, skulu eignir hennar og andvirði renna til þeirrar kirkju eða þeirra kirkna, er sóknin hverfur til, og skiptast á milli þeirra í réttu hlutfalli við tölu þeirra gjaldenda, er hverri sókn bætist við niðurlagningu sóknarinnar.

Nú eyðist kirkjusókn gersamlega af fólki eða söfnuður er orðinn svo fámenntur, að hann getur ekki haldið kirkju messufærri að dómi hlutaðeigandi sóknarprests og prófasts, og skal þá prófastur taka við sjóði kirkjunnar og umsjón hennar. Ráðherra ákveður síðan, að fengnum tillögum biskups og héraðsprófasts, hvort kirkjan skuli lögð niður. Ef svo verður, varðveitist andvirði hennar og sjóður í Hinum almenna kirkjusjóði. Þau heimili, sem eftir kynnu að vera í sókninni, skulu lögð til annarrar sóknar eða sókna eftir ákvörðun ráðherra. Byggist sóknin á ný og sóknarmenn ákveða að endurreisa kirkju, skal veita henni sóknarréttindi að nýju og afhenda sjóð hinnar niðurlögðu kirkju.

### 14. gr.

Heimilt er ráðherra að ákveða, að fenginni umsögn biskups og hlutaðeigandi héraðsprófasts, sóknarnefndar og sóknarprests, að flytja skuli prestssetur á hentugri stað í prestakallinu. Ákvörðun um þetta efni skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.

### 15. gr.

Biskup hlutast til um, að þær breytingar á skipun prestakalla, sem ákvæði 1. greinar hafa í för með sér, komist á svo fljótt sem við verður komið eftir gildistöku þessara laga. Þó missi prestar, sem nú þjóna í þeim prestaköllum, sem lögð skulu niður, ekki tekjur af þeim sökum.

### 16. gr.

Þegar eftir gildistöku þessara laga skulu ákvæði 1. greinar um skipun prófastsdæma koma til framkvæmda, og skulu starfandi prestar í hinum einstöku prófastsdæmum tilnefna prófaste hið fyrsta.

### 17. gr.

Kostnaður við embættisferðir prófaste innan hvers prófastsdæmis greiðist úr ríkissjóði eftir reikningum, sem ráðherra úrskurðar.

## II. KAFLI Um kristnisjóð.

### 18. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist kristnisjóður.

### 19. gr.

Stofnfé sjóðsins er:

- a) Kirkjujarðasjóður. Skal sá sjóður lagður niður og renna í kristnisjóð.
- b) Andvirði kirkjujarða, annarra en prestssetursjarða, sem seldar verða eftir gildistöku laga þessara.
- c) Prestakallasjóður. Skal sá sjóður lagður niður og renna í kristnisjóð.

### 20. gr.

Tekjur kristnisjóðs skulu vera:

- a) Arður af stofnfé kristnisjóðs.
- b) Árlegt framlag úr rikissjóði, er samsvari hámarkslaunum presta í þeim prestaköllum, sem lögð eru niður samkvæmt lögum þessum.
- c) Laun þau, sem sparast á hverjum tíma, þegar prestakall er prestslaust, svo að ekki komi til greiðslu prestslauna eða hluta þeirra, og skal þá miðað við hámarks-laun presta.
- d) Önnur framlög, sem ákveðin kunna að vera með lögum.
- e) Frjáls framlög safnaða, einstaklinga og fyrirtækja.

### 21. gr.

Hlutverk kristnisjóðs skal vera:

1. Að launa aðstoðarþjónustu presta og guðfræðinga í víðlendum eða fjölmönnum prestaköllum. Biskup gerir ráðstöfun um þessa þjónustu í samráði við hlutaðeigandi sóknarpresta og héraðsprófasta.
2. Að launa starfsmenn, sem ráðnir eru til sérstakra verkefna í þágu þjóðkirkjunnar samkvæmt ákvörðun kirkjubings. Slíkir starfsmenn skulu ráðnir af biskupi með samþykki kirkjuráðs.
3. Að styrkja söfnuði, er ráða vilja starfsmenn til starfa á sínum vegum á sviði æskulýðsmála, líknarmála eða að öðrum mikilvægum verkefnum.
4. Að veita fátækum söfnuðum starfsskilyrði, einkum á þeim stöðum, þar sem prestaköll hafa verið sameinuð og kirkjuleg þjónusta er sérstökum erfiðleikum háð.
5. Að kosta búferlaflutning guðfræðinga, sem settir eru til þjónustu samkvæmt 1. tölulið.
6. Að styrkja framhaldsnám guðfræðinga og annarra starfsmanna kirkjunnar til undirbúnings undir kirkjuleg störf.
7. Að styðja hvers konar starfsemi kirkjunnar til eflingar kristinni trú og siðgæði með þjóðinni, svo sem útgáfu á hjálpargögnum í safnaðarstarfi og kristilegu fræðsluefni, enn fremur félög og stofnanir, sem vinna að mikilvægum verkefnum á kirkjunnar vegum.
8. Að sinna að öðru leyti eftir þörfum þeim verkefnum, sem prestakallasjóður hefur gegnt til þessa.

### 22. gr.

Fastir starfsmenn kirkjunnar, sem ráðnir eru til fullrar vinnu skv. 21. gr., skulu njóta réttinda og bera skyldur opinberra starfsmanna.

## 23. gr.

Kirkjuráð hinnar íslensku þjóðkirkju hefur á hendi umsjá og stjórn kristni-sjóðs og ber ábyrgð fyrir kirkjubingi á stjórn hans. Kirkjuráð semur árlega fjár-hagsáætlun fyrir sjóðinn, og skal hún samþykkt af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Reikningsleg endurskoðun skal framkvæmd af ríkisendurskoðuninni.

## III. KAFLI

## Ýmis ákvæði.

## 24. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi eftirtalin lög: nr. 31 4. febr. 1952, nr. 68 24. apríl 1954, nr. 18 21. febr. 1956, nr. 17 20. apríl 1959, nr. 20 21. apríl 1960 og nr. 66 27. apríl 1962, svo og 5. gr. laga nr. 98 19. júní 1933 og önnur lagaákvæði, er kunna að brjóta í bága við lög þessi.

Dá er lög þessi hafa öðlazzt gildi, skal gefa lög nr. 98 19. júní 1933 út af nýju með fyrirögninni: Lög um læknishéraðasjóði.

## 25. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. júlí 1970.

*Gjört að Bessastöðum, 9. maí 1970.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Jóhann Hafstein.*

## L Ö G

## um leigubifreiðar.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Bæjarstjórn er heimilt, að fengnum tillögum hlutaðeigandi stéttarfélags fólksbifreiðastjóra, að ákveða, að allar leigubifreiðar til fólksflutninga í kaupstaðnum skuli hafa afgreiðslu á bifreiðastöðvum, sem fengið hafa viðurkenningu bæjarstjórnar. Á sama hátt er sýslunefnd heimilt að ákveða, að allar leigubifreiðar til fólksflutninga í sýslunni eða tilteknum hluta hennar skuli hafa afgreiðslu á bifreiðastöðvum, sem hlotið hafa viðurkenningu sýslunefndar. Nú tekur félagssvæði stéttarfélags fólksbifreiðastjóra til tveggja sýslna eða hluta úr þeim, en stéttarfélagið rekur fólksbifreiðastöð fyrir allt félagssvæðið, og er þá sýslunefndunum heimilt að ákveða, að allar fólksbifreiðar á svæðinu skuli hafa afgreiðslu á stöð félagsins.

Í þeim kaupstöðum og á þeim sýslusvæðum, þar sem viðurkenndar fólksbifreiðastöðvar eru starfandi, er öllum óheimilt að stunda leiguakstur á fólksbifreiðum utan stöðvar eða frá stöð, sem eigi er viðurkennd.